

Steinull hf.  
Skarðseyri 5  
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 18. apríl 2024  
UST202103-269/R.S.  
08.08.01

### **Efni: Ákvörðun um framlengingu starfsleyfis Steinullar hf., Sauðárkróki**

Vísað er til umsóknar Steinullar hf. um endurnýjun á starfsleyfi, dags. 11. mars 2021, og samskipta Umhverfisstofnunar við rekstraraðila þar sem óskað er eftir framlengingu á starfsleyfi sem gefið var fyrir steinullarverksmiðju á Sauðárkróki. Starfsleyfisumsókn var samþykkt fullnægjandi þann 16. maí 2023.

Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda. Áform um framlengingu voru auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar 5. apríl til og með 15. apríl sl. Engar athugasemdir voru gerðar við áformin.

Umhverfisstofnun hefur ákveðið að framlengja starfsleyfi Steinullar hf. Gildistími starfsleyfisins er til 1. maí 2024. Að því virtu mun framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til 1. maí 2025.

Virðingarfyllst,

Skúli Þórðarson  
**sviðsstjóri**

Rakel Sæmundsdóttir  
**sérfræðingur**